

Mælingar frárennslis Fiskimjölverksmiðju 2018

Vinnslustöðin
Vestmannaeyjum



Unnið af:
Unnar Hólm Ólafsson
Verksmiðjustjóri
15.11.2018

Inngangur

Samkvæmt starfsleyfi Vinnlustöðvarinnar í Vestmannaeyjum gagnvart umhverfisstofnun grein 3.2 skal gera mælingar fitu, svifefnum og COD í frárennsli verksmiðjunar þegar verksmiðjan er í fullri vinnslu. Þessum niðurstöðum skal skilað fyrir 1.maí ár hvert.

Framkvæmd

Unnið var að sýnartöku dagana ellefta og tólfta október 2018 þegar bræðsla á síld stóð yfir, á vinnslutímanum fór um 354 tonn í gegnum verksmiðjuna. Sýnartakan var unninn þannig að sett er saman safnsýni úr fjórum sýnum sem tekin eru yfir sólarhringinn. Sýnin eru tekin úr frárennsli verksmiðjunar. Öll sýnin eru send á Rannsóknþjónustuna í Vestmannaeyjum sem kemur þeim í mæingu hjá Sýni í Reykjavík.

Niðurstöður

Tafla 1 - Niðurstöður Sýni

Nr. sýnis	Merking sýnis	Fita Std. meth. 5520 B mg/L	COD mg/l	Svifagnir Std. meth. 2540 D mg/L
E-6230	Frárennsli - Frá fitugildru (safnsýni)	9	980	12

Tafla 2 - Losunarmörk á frárennsli skv. starfsleyfi

Efnispáttur	Losunarmörk	Tímabil meðaltals
Fita (oil & grease)	100 mg/L	1 sólarhringur
Svifefni	300 g/t hráefnis	1 sólarhringur
COD(efnafræðileg súrefnisþörf)	1,5 kg/t hráefnis	1 sólarhringur

Vökvamagn frá verksmiðjunni eru mældir frá hreinsistöðinni og voru um 21.000 lítrar á klukkutíma, sem gera um 504.000 lítrar á sólarhring.

Tafla 3 - Niðurstöður miðað við 354 t af hráefni og 504.000 lítar af vökva á sólarhring

Nr. sýnis	Merking sýnis	Fita Std. meth. 5520 B mg/L	COD kg/t hráefnis	Svifagnir Std. meth. 2540 D g/t hráefnis
E-6230	Frárennsli - Frá fitugildru (safnsýni)	9	1,40	17,085

Skv. gögnum eru fita, COD og svifagnir undir viðmiðunarmörkum. Unnið hefur verið markvist að lágmarka frárennsli frá verksmiðjunni og vinna allan vökvann í verðmæti í formi mjöl eða lýsis.

Í febrúar 2018 voru einnig gerðar efnafræðilegar mælingar á sjó og vatni og eru niðurstöður eftirfarandi.

Tafla 4 - Niðurstöður efnamælingar sjó og vatn

Mæling	Aðferð	Mælieining	Niðurstaða Vatn	Niðurstaða sjór
Heildargerlatalning, 22°C	ISO 6222:1999	# /ml	< 1	< 1
Kólingerlar	ISO 9308:2000	MPN / 100ml	< 1	< 1
Saurkóli	ISO 9308:2000	MPN / 100ml	< 1	< 1
Enterococci	ISO 7899-2:2000	# / 100ml	< 1	< 1
Sýrustig (pH)	N/A	N/A	6,8	6,9
Lykt og bragð	Skynmat	N/A	Í lagi	Í lagi